

**REGLUGERÐ**  
**um breytingu á reglugerð nr. 555/2020 um gildistöku**  
**reglugerða Evrópusambandsins um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. gr. reglugerðarinnar:

- a. Á eftir orðunum „bls. 437-531“ í a-lið 1. mgr. bætist: með breytingum samkvæmt eftirfarandi gerð:
  1. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1255 um breytingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 231/2013 að því er varðar áhættu tengda sjálfbærni og sjálfbærniþætti sem rekstraraðilar sérhæfðra sjóða skulu taka tillit til. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 37 frá 11. maí 2023, bls. 38-40.
- b. Ný málsgrein bætist við, svohljóðandi: Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 138/2022 frá 29. apríl 2022 um upptöku reglugerðar skv. 1. tölul. a-liðar 1. mgr. í IX. viðauka (frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 61 frá 22. september 2022, bls. 90.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 19. og 22.-23. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020, öðlast þegar gildi.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 1. júní 2023.*

F. h. r.  
**Guðrún Þorleifsdóttir.**

*Elísabet Júlíusdóttir.*

B-deild – Útgáfudagur: 15. júní 2023